

✉ RE: Beiðni um mat á verndargildi - Selasvæði í Staðarsveit

Búið til	19.7.2021 12:16:20
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	19.7.2021 12:16:18
Tilheyrir	📁 202106-0046 - Beiðni um mat á verndargildi - Selasvæði í Staðarsveit

Efni

RE: Beiðni um mat á verndargildi - Selasvæði í Staðarsveit

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	19.7.2021 12:16:18	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	eva.hannedottir@umhverfisstofnun.is

Innihald

Sæl,

Afsakaðu töfina á þessari umsögn sem er þar að auki frekar stutt. Við fáum kannski að koma með frekara input þegar það liggja betur fyrir þessi áform.

Kv. Snorri

Tilvísun í mál 202106-0046 (SS).

Umhverfisstofnun vinnur að undirbúningi að friðlýsingu búsvæðis sela á Snæfellsnesi, nánar tiltekið í landi Ytri-Tungu og Grenhóls í Staðarsveit. Selir, einkum landselir en einnig útselir, dvelja þar í fjörum í töluverðum mæli m.a. með kópa. Aðgengi að selunum er mjög auðvelt og hefur staðurinn orðið vinsæll viðkomustaður ferðafólks með tilheyrandi ónæði fyrir selina. Vöktun á áhrifum umferðar fólks á selina hófst sumarið 2020 og mun halda áfram í sumar. Vöktunin er framkvæmd af Náttúrustofu Vesturlands skv. Samningi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Þörf er á stýringu á svæðinu til að tryggja verndun sela og búsvæða þeirra (Náttúrustofa Vesturlands, 2020). Þess vegna hefur ákvörðun um friðlýsingu verið tekin í samstarfi við landeigendur.

Í bréfi til Náttúrufræðistofnunar dags. 29 júní 2021 óskaði Umhverfisstofnun eftir almennu mati á verndargildi svæðisins. Nákvæm mörk svæðisins liggja ekki fyrir. Um jarðirnar Ytri-Tungu og Grenhól er að ræða og mögulega jörðina Kirkjuhól. Miðað er við að einungis fjörusvæðið sé til skoðunar. Um lítið svæði er


að ræða og staðbundin þekking sem einungis á við um svæðið ekki alltaf til staðar. Margt varðandi verndargildið er því einungis hægt að fjalla um á almennum nótum miðað við þær upplýsingar sem til staðar eru.

Svæðið sem um ræðir er staðsett innan víðáttumikils svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að verði á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Það er svæðið „Mýrar-Löngufjörur“ sem tilnefnt er vegna fjölda mismunandi vistgerða og fuglabúsvæða sem og búsvæða bæði land- og útsels. Í landi Ytri-Tungu og Grenhóls eru auk mikilvægra fjörusvæða, vötn á láglandi og votlendi með hátt verndargildi. Mikilvægt er að horft sé til hvort og hvernig hægt verði að vernda aðrar vistgerðir með hátt verndargildi í næsta nágrenni við selasvæðið.

Víðáttumikið útfiri er á fjörunum við Ytri-Tungu og Kirkjuhól. Á myndinni fyrir neðan má sjá helstu vistgerðir á svæðinu miðað við vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Fjöruvistgerðir á svæðinu eru einkum þangfjörur, einkum klóþangsfjörur (1) og þangklungur (2) en einnig óflokkaðar þangfjörur (3). Þangfjörur hafa alla jafna hátt eða mjög hátt verndargildi vegna því þær eru mjög tegundaríkar hvað varðar þörunga- og hryggleysingjalíf og lífmassi þörunga mikill. Þá eru þangfjörur mikilvæg fæðuöflunarsvæði fyrir fugla. Klóþangsfjörur hafa mjög hátt verndargildi enda ein tegundaauðugasta fjörugerðin þar sem klóþangið veitir mörgum öðrum lífverum skjól. Smádýralíf er mjög auðugt og fuglalíf sömuleiðis. Í þangklungri skiptast á setfjörur og þangknippi og fjölbreytni búsvæða því mikill.

Á svæðinu eru einnig líflitlar sandfjörur (4) sem hafa minna verndargildi fyrir lífríki almennt en geta verið mikilvæg búsvæði fyrir seli þar sem þeir liggja gjarnan í sandfjörum.



Lífríki svæðisins hefur ekki verið kannað sérstaklega þ.e. með tilliti til gróðurfars og smádýralífs. Óformlegar athuganir hafa farið fram á fuglalífi og eru strandfuglar áberandi, þar á meðal æðarfuglar, gjarnan kollur með unga að sumarlagi, og ýmsir vaðfuglar, t.d. tjaldar, tildrur, stelkar og sendlingar. Skarfar sitja gjarnan á klettum aðeins fjær (Náttúrustofa Vesturlands, 2020). Miðað við umfang fjöruvistgerða má gera ráð fyrir töluverðu dýralífi sem mikilvægt er að vernda.

Töluverð fjölbreytni er í landslagi strandsvæðanna og í kring er víðsýnt m.a. til Snæfellsjökuls og annarra fjalla á Snæfellsnesi. Svæðið hefur því mikið útivistargildi.

Mesta verndargildið felst þó án efa í mikilvægi svæðisins sem búsvæði sela, einkum landsela þó útselir sjáist þar einnig. Svæðið lendir á milli tveggja megintalningasvæða sela samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar sem sýnir helstu selalátur, en nálægustu látrín eru við Melhamar í landi Melkots vestan við Stakkhamarsnes í austri og á skerjum í Búðavík í vestri. Miðað við athuganir Náttúrustofu Vesturlands er ljóst að svæðið við Ytri-Tungu er mikilvægt dvalarsvæði landsela, ekki síst fyrir urtur með kópa. Umfang og eðli fjörunnar þar virðist henta vel fyrir selina þegar lágsjávað er. Framkvæmd friðlýsingar þarf því fyrst og fremst að beinast að því að vernda umhverfi selanna og tryggja að þeir geti nýtt sér svæðið án truflunar. Grundvallaratriði er að nýta sér þær upplýsingar sem fengist hafa (og munu fást áfram) úr vöktun svæðisins með tilliti til áhrifa ferðafólks á selina. Skilgreina þarf reglur til að koma í veg fyrir að selirnir verði fyrir neikvæðum áhrifum.

Heimildir:

Náttúrustofa Vesturlands. 2020. Vöktun á áhrifum ferðamanna á seli við Ytri Tungu á Snæfellsnesi. Frumskýrsla 2020.

Upplýsingar um fjöruvistgerðir á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands: Fjara | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/grodur/vistgerdir/fjara>)

Vistgerðavefsjá NÍ: NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS (ni.is) (<https://vistgerdakort.ni.is/>)

Selalátursvefsjá NÍ: NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS (ni.is) (<https://selalatur.ni.is/>)

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Eva B. Sólán Hannesdóttir" <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>

To: "Snorri Sigurðsson - NI" <Snorri.Sigurdsson@ni.is>

CC: "Ingibjörg Marta Bjarnadóttir" <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>

Subject: RE: Beiðni um mat á verndargildi - Selasvæði í Staðarsveit

Date: 5.7.2021 11:58:41

Sæll Snorri

og takk fyrir þetta.

Enn um sinn er einungis verið að horfa til svæðisins í sjó og við ströndina. Landeigendur hafa rætt um að gera þurfi ráð fyrir göngustígum og að mögulega þurfi að færa veginn sem liggur alveg við Ytri-Tungu (fjær húsinu). Þetta eru þó atriði sem við munum fara betur yfir á fyrsta fundi samstarfshópsins sem ég er að vona að geti orðið af fyrir sumarfrí.

Spurning hvort að við látum þá ekki duga, a.m.k. að sinni, **upplýsingar um fjöruvistgerðirnar** sem þarna finnast og nýtum þær upplýsingar um selina sem náttúrustofa Vesturlands hefur tekið saman.

Bestu kveðjur / Best regards

Eva B. Sólán Hannesdóttir

Lögfræðingur / Lawyer

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa / Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun / Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

From: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: þriðjudagur, 29. júní 2021 15:13
To: Eva B. Sólán Hannesdóttir <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>
Cc: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
Subject: RE: Beiðni um mat á verndargildi - Selasvæði í Staðarsveit

Sæl Eva,

Takk fyrir erindið.

Við höfðum ekki heyrt af þessum áformum en gleðjumst yfir því. En ein spurning, óskað er eftir verndargildi selasvæðisins. Er þá einungis verið að horfa til svæðis í sjó eða við ströndina? Eða er óskað eftir verndargildi fyrir jarðirnar Kirkjuhól og Ytri-Tungu eins langt og þær ná upp á land? Ég spyr, því þær eru sannarlega innan B-hlutasvæðis sem tilnefnt er vegna vistgerða og fugla en það nær nokkuð langt inn til landsins og inniheldur m.a. vötn og mýrar.

Ef einungis er verið að stefna að friðlýsingu þess svæðis sem selirnir nýta þá er kannski ekki mikið meira hægt að segja um verndargildi þess svæðis umfram það sem þegar er komið fram frá Náttúrustofunni varðandi selina og er í rannsókninni sem vísað er í, nema þá kannski það sem almennt má segja um þær fjöruvistgerðir sem þar eru. Ég held að nákvæm þekking um t.d. fuglalíf á þessum tveimur jörðum gæti verið erfitt að draga fram, svæðið er full lítið fyrir það. Það væri þá einna helst Náttúrustofa Vesturlands sem gæti mögulega haft upplýsingar um fuglalífið fyrst þau hafa verið þarna við athuganir á áhrifum ferðamennsku á seli. Eruð þið með þá skýrslu undir höndum?

Þannig að það væri fínt að fá að vita hvaða svæði nákvæmlega er verið að fjalla um. Þetta er ekki skilgreint selasvæði í kortlagningu okkar sbr.

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS (ni.is) (<https://selatur.ni.is/>) þannig að við erum ekki með skýra hugmynd um afmörkunina.

Bestu kveðjur,

Snorri.

From: Eva B. Sólán Hannesdóttir <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>
(mailto:eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is)>
Sent: 29 June 2021 14:38
To: Móttaka - NI <mottaka@ni.is (mailto:mottaka@ni.is)>
Cc: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is (mailto:Snorri.Sigurdsson@ni.is)>; Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is (mailto:ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is)>
Subject: Beiðni um mat á verndargildi - Selasvæði í Staðarsveit

Góðan dag,

hjálagt er erindi Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi selasvæðis við Fúlúvík, fram undan Kirkjuhóli og Ytri-Tungu í Staðarsveit. Afmörkun fyrir fyrirhugað friðlýst svæði er ekki lokið en tekið verður mið af verndargildi svæðisins, vilja landeigenda og sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur / Best regards

Eva B. Sólán Hannesdóttir

Lögfræðingur / Lawyer

Svið Friðlýsinga og starfsleyfa / Department for Designation of Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun / Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

Viðhengi

image001.png (3 KB)

image002.png (33 KB)

image003.png (5 KB)